

björgunarlaunin, er áfrýjanda ber að greiða stefnda 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til borgunardags, og ber að staðfesta kyrsetningargjörðina að því er þeirri upphæð nemur.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi E. Larsen fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins I. B. Petersen greiði stefnda Guðmundi Péturssyni 8000 kr. með 6 % ársvöxtum frá 30. des. 1917 til greiðsludags og á kyrsetningargerðin 26. febr. f. á. að vera óröskuð, að því er þeirri upphæð nemur. Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. desember 1919.

Nr. 13/1919 og 12/1919: Gísli Þorbjarnarson
gegn

Eggert Jónssyni og dr. Alex.
Jóhannessyni fyrir hönd

H. Th. A. Thomsen,
 og
 Alex. Jóhannesson f. h. firmans
 H. Th. A. Thomsen,
 gegn
 Gísla Þorbjarnarsyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi Gíslí Þorbjarnarson hefir skotið máli þessu til yfirdómsins með stefnu dags 7. marz þ. á. og stefnt þeim Eggert Jónssyni fasteignasala hér í bænum og dr. Alex. Jóhannessyni f. h. firmans H. Th. A. Thomsen og var það mál þingfest 28 apríl síðastl., en með stefnu dags. 5. marz þ. á. hafði dr. Alex. Jóhannesson f. h. firmans H. Th. A. Thomsen einnig áfrýjað máli þessu til yfirdóms, og féll stefnan í rétt 30 júní síðastl., og voru mál þessi síðan sameinuð fyrir yfirdóminum undir rekstri þeirra.

Hvorugur áfrýjendanna hefir stefnt hinum reglulega dómara er hafði mál þetta fyrst til meðferðar, gaf út stefnu í því og þingaði í því við fyrstu fyrirtekt þess 14. marz 1918 og við síðari fyrirtekt þess 11. apríl s. á., en hann hefir ekki fallið frá stefnu og eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum. Fyrirmæla N. L. 1—2—3 sbr. tilsk. 15. ág. 1832 18. gr. hefir þannig eigi verið gætt, og verður því ex officio að vísa málum þessum frá yfirdóminum.

Eftir þessu ber áfrýjanda Gísla Þorbjarnarsyni að greiða stefnda Eggerti Jónssyni ómaksbætur, er

ákveðast 30 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Málum þessum visast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Gísli Þorbjarnarson greiði stefnda Eggert Jónssyni 30 kr. í ómaksbætur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. desember 1919.

Nr. 69/1918:

Kristinn P. Briem
 gegn
 Árna J. Hafstað
 og Jóni Jónssyni.

D ó m u r.

Áfrýjandi Kristinn P. Briem, kaupmaður á Sauðárkróki, höfðaði mál þetta sem eigandi jarðarinnar Grænhóls í Skarðshreppi fyrir landamerkjadómi Skaga-fjarðarsýslu, með stefnu útgefinni 17. júlí 1917, gegn stefnda Árna J. Hafstað sjálfseignarbónda í Vík